



# Safnaðarblað Gleráarkirkju

3. tbl. 24. árg.

Desember 2009

„Óttast þú eigi...“ (Lúk. 1:30)



## Skilaboð til þín

Ótölulegur fjöldi margvíslegra skilaboða og tíðinda berast um byggðirnar manna á milli nú á tímum. Misjafnt er það allt að mikilvægi, svo mikið er víst. Vont þætti okkur að fara á mis við þau tíðindi sem mikilvægust eru í lífinu og varða sálarheill okkar og hina sönnu mennsku.

Í Lúkasarguðspjalli segir af því er engill Guðs, Gabríel, flutti ungri konu þau tíðindi að senn myndi hún verða þunguð og son ala. Barn þetta yrði blessun Guðs öllum mönnum. Af orðum engilsins mátti ráða að barnið væri Messías – konungurinn fyrirheitni og að á ríki hans myndi enginn endir verða (Lúk 1.26-38).

Í sama guðspjalli segir af því að engill Guðs hafi vitrast hjarðmönnum sem gættu sauða sinna á Betlehemsvöllum og flutt þeim boð um fæðingu hins fyrirheitna konungs og frelsara.

Enn berast okkur himnesk skilaboð um Hann sem *er, var og koma mun*. Adventan og hátíðin sem framundan er flytur okkur skilaboð englanna um að höfundur lífs og heims vilji vitja okkar allra með einstökum hætti. Í adventu- og jóla-sálmum kirkjunnar þinnar er boðskapur englanna – skilaboðin miklu – flutt ár eftir ár. Heilög jól verða okkur andlegur

raunveruleiki ef við viljum við því taka. Þegar það gerist eignast Ljós heimsins bústað í hjarta þínu.

Sálmaskáldið Helgi Hálfánarson yrkir og segir:

*Gjör dyrnar breiðar, bliðið bátt  
þig, hjarta, þrýð sem best þú mátt,  
og trúarlampann tendra þinn,  
og til þín bjóð þú Jesú inn.*

*Ég opna blið míns hjarta þér,  
ó, Herra Jesú, bú hjá mér,  
að fái hjálparhönd þín sterk  
það heilagt unnið náðarverk. (Sb. 59: vers 6 og 7).*

Tökum þessa bænagjörð sálmaversanna góðu og gerum þær að okkar bænum og greiðum þannig ljósinu veg að okkar innstu verund.

Góður Guð blessi þér og ástvinum þínum komandi hátíð, megi hún verða helg og veita styrk og gleði.

*Gunnlaugur Garðarsson  
Sóknarprestur*



# Í aðdraganda jóla

Öllum stundum, og ekki síst í aðdraganda jóla, er rétt að leiða hugann að því sem mestu máli skiptir sérhvern mann. Hvað er okkur dýrmætt og hverjir eru okkar stærstu fjársjóðir? Þeirri spurningu þurfum við öll að svara og ekki síst nú um stundir. Við þurfum að gæta þess að gleyma okkur ekki og við verðum að huga að því sem okkur er kærast. Í dagsins amstri og argaþrasi er hættu á að þessar sjálfsögðu staðreyndir fari fyrir ofan garð og neðan. Aðdragandi

jóla er því ekki bara rétti tíminn til að huga að eigin gildum, heldur er það einnig góður tími.

Eitt af því sem öllum er mikilvægt er öryggi og stöðugleiki. Það á ekki hvað síst við nú um stundir, þegar allt virðist getað brotnað í sundur eða er öðruvísi en upphaflega átti að vera. Í kirkjunni, líkt og annars staðar, er hin daglega starfsemi óhjákvæmilega háð breytingum af ýmsu tagi. Hið gleðilega er að Glerárkirkja hefur aldrei staðið styrkari fótum en nú. Staða Lögmannshliðarsóknar er eftirsóknarverð og því er full ástæða til að horfa með hjartástandi fram veginn. Kirkjustarfið mun blómstra og dafna og vonandi verður það með þátttöku sem flestra.

Við sem sitjum í sóknarnefnd, prestar og starfsfólk í Glerárkirkju, vonumst

til að kirkjan okkar hafi náð því marki að vera í hugum okkar allra, hin sterka og trausta kirkja. Við leitumst við að bæði hið ytra og ekki síður hið innra, í kirkjulega starfi, sé til fyrirmyndar og að gott sé að koma í kirkjuna án skilyrða eða fororða. Von okkar er að eftirsóknarvert sé að njóta alls þess sem kirkjan og fjölbreytt starfsemi innan veggja hennar, hefur upp á að bjóða. Í kirkjunni á allt að vera óháð ytra áreiti, daglegu umstangi og áhyggju-efnum líðandi stundar. Í kirkjunni viljum við að hvert og eitt okkar finni hið dýrmæta og sína stærsu fjársjóði.

Með kærri kveðju og óskum um gleðileg jól.

*Helgi Teitur Helgason,  
formaður sóknarnefndar.*

## Góð þátttaka í söfnun fyrir Hjálparstarfið

Yfir 80% þeirra ungmenna sem nú sækja fermingarfærslu í Glerárkirkju tóku þátt í landssöfnun fermingarbarna fyrir hjálparstarf kirkjunnar sem fram fór síðastliðinn mánudag og þriðjudag.

Því miður náðist ekki að ganga í alveg öll hús í sókninni (fimm götur urðu útundan) en krakkarnir sem tóku þátt stóðu sig alveg frábærlega og söfnuðu fyrir vatnsverkefni hjálparstarfsins í Afríku yfir 210.000 krónum. Þeim sem fengu ekki tækifæri að þessu sinni til að leggja söfnunni lið er bent á að gera það með því að leggja inn á reikning 334-26-56200, kt. 450670-0499.

Í söfnun sem þessari skiptir hver króna máli og ekki þarf að orðlengja að þess er gætt að peningarnir skili sér alla leið í verkefni hjálparstarfsins. Við í Glerárkirkju þökkum krökkunum alveg kærlega og einnig þeim sem settu peninga í baukana hjá þeim.

Það var Pétur Björgvin Þorsteinson, djákni Glerárkirkju, sem sá um að skipuleggja og halda utan um söfnunina, en krakkarnir fengu færslu um vatnsverkefni hjálparstarfsins í árlegri ferð á Löngumýri um mánaðarmótin október/nóvember. Nánar má fræðast um starfið á slóðinni [help.is](http://help.is)



## Frá Kvenfélaginu Baldursbrá

Kvenfélagið Baldursbrá stofnað 8. júní 1919 óskar öllum gleðilegra jóla árs og friðar. Þökkum kærlega allan stuðning á árinu sem er að líða.

Það var afmælisár hjá félaginu og margt sér til gamans gert. Konum hefur fjölgað jafnt og þétt og er það mikið ánægjuefni. Vetarstarfið er hafið og nýbúið Bingó sem haldið var til ágóða fyrir Mæðrastyrksnefnd. Það gekk mjög vel að safna vinningum í bænum og erum við afar þakklátar fyrir það.

Ég vil minna á heimasíðuna um félagið inn á vef Glerárkirkju merkt *Baldursbrá*.

Jólafundurinn verður haldinn í safnaðarsal Glerárkirkju fimmtudag 10. desember kl. 19,30.

Nánari upplýsingar um félagið og starfsemi þess fást hjá formanni, Snjólaugu Ósk Aðalsteinsdóttur, í síma 462-1509 /netfang [snjolaugosk@simnet.is](mailto:snjolaugosk@simnet.is)



## Vinaheimsókn kirkjunnar

Vinaheimsókn kirkjunnar er með aðsetur í Kirkjubæ við Ráðhústorg og þar er viðvera á þriðjudögum kl. 10:00-12:00 (Sími 462-6703). Um er að ræða samstarfshóp um málefni aldraðra.

*Við sendum vinum og velunnurum bestu óskir um  
gleðileg jól og farsælt nýtt ár  
Þökkum ánægjulegar samverustundir á liðnum árum*

Vinaheimsókn kirkjunnar í Eyjafjarðarprófastsdæmi



# Kveðja til íbúa Glerárprestakalls



Senn líður að tímamótum hvað mig varðar. Á nýju ári mun ég taka við sóknarprestsstöðu í norsku kirkjunni. Vil ég nota þetta tækifæri til að kveðja söfnuðinn í Glerárþorpi sem ég hef þjónað síðan á haustdögum 2003. Þegar ég kom til þjónustu við Glerárkirkju þekkti ég vissulega marga enda fæddur og uppalinn á Akureyri. Mörg ný kynni hafa hér einnig skapast og kveð ég starfsvettvanginn með ákveðnum söknuði.

Stundum voru augnablikin erfið, skilnaðir og átök og í annan stað sorgarátvik og missir ástvina. Þau voru líka mörg og sem betur fer miklu fleiri gleðiatvikin í prestsþjónustunni, fögnuður vegna barnanna við skírn og fermingu eða hamingja

hjóna, hönd í hönd, á brúðkaupsdegi. Þá voru líka fjölmargar góðu stundirnar í helgihaldi Glerárkirkju og þar má margt nefna t.d. sunnudagsmessurnar og hádegissamverur á miðvikudögum og ýmis tilvik þar sem messað var úti undir beru lofti, oftast í veðurblíðu en ætíð í glöðum hópi fólks.

Ég vil þakka öllum þeim er ég hef haft kynni af og samskipti við í þjónustunni við Glerárkirkju. Ég þakka fyrir þessi ár hér á Akureyri og bið starfinu öllu í Glerárkirkju blessunar, megi það vaxa og dafna. Þá vil ég þakka samstarfsfólkinu við Glerárkirkju samfylgd liðinna ára með ósk um Guðs blessun.

Arnaldur Bárðarson



## Börnin okkar og kórar Glerárkirkju

Í Glerárkirkju eru starfandi þrjár kórar fyrir börn og unglinga undir stjórn þeirra Valmars Völajots (Drengjakór og Æskulýðskór) og Hjördísar Evu Ólafsdóttur (Barnakór). Á aðventu og um jól koma kórarnir víða fram en allir kórarnir syngja í fjölskyldugudspjónustu á öðrum degi jóla, 26. desember kl. 13:00. Fyrir áhugasama er tilvalið að bætast í kórana strax eftir áramót.

Á nýju ári hefjast æfingar aftur í annarri viku janúar sem hér segir:

### Barnakórinn

Barnakórinn (opinn börnum úr 2. bekk til 5. bekk) æfir á mánudögum frá 15:30 til 16:30. **Fyrsta æfing á nýju ári er 11. janúar.**

Í Barnakór Glerárkirkju eru hressir krakkar á aldrinum 7-10 ára. Sungin eru lög úr sálmabók barnanna og ýmis önnur skemmtileg lög. Kórinn kemur fram í Fjölskyldugudspjónustu einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann. Kórinn reynir að koma fram þegar tækifæri gefst til. Það sem er framundan hjá kórnum má nefna: Aðventukvöld 6. desember, söngur á Ráðhústorgi í desember og fjölskyldugudspjónusta 26. desember.

Öll börn á aldrinum 7-10 ára eru velkomin á kóræfingu.

### Drengjakórinn

Drengjakórinn (opinn drengjum úr 4. bekk til 7. bekk) æfir á þriðjudögum frá 15.00 til 16.00.

**Fyrsta æfing á nýju ári er 12. janúar.**

### Æskulýðskórinn

Æskulýðskórinn (opinn unglingum úr 6. bekk) æfir á mánudögum frá 16.30 til 18.00. **Fyrsta æfing á nýju ári er 11. janúar.**

Þátttaka í kórum kirkjunnar er ókeypis en þátttökugjald er greitt í foreldrafélag Æskulýðskórsins.

Nánari upplýsingar um starf Æskulýðskórsins og Drengjakórsins gefur Valmar í síma 849 2949 og um starf Barnakórsins Hjördís Eva í síma 864-0508.

## Ég elska Jesú

Pemavika fermingarbarna  
í janúar 2010

- Upphaf: Kvöldgudspjónusta 17. janúar kl. 20.30.
- Fermingarfræðslan hefst 19. janúar samkvæmt stundaskrá (eins og á haustönn).
- Dagskráin í fræðslunni þessa fyrstu viku verður mótuð af þema vikunnar „Ég elska Jesú“.
- Á þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag verður boðið upp á frekari fræðslu og skemmtilega dagskrá í safnaðarheimilinu frá kl. 17:00 til 20:00.
- Á föstudegi er svo boðið upp á dagskrá í safnaðarheimilinu frá kl. 19:00 og fram á kvöld.
- Pemavikunni lýkur með þátttöku fermingarbarna í fjölskyldugudspjónustu sunnudaginn 24. janúar kl. 11:00.

Sjá nánar þegar nær dregur á: [facebook.com/glerarkirkja](https://facebook.com/glerarkirkja)

## Kór Glerárkirkju

Auk hefðbundins starfs tók kórinn þátt í námskeiði sem söngmálastjóri kirkjunnar, Hörður Áskelsson, stóð fyrir. Námskeiðið var haldið í október í Akureyrarkirkju og ætlað kirkjukórum á svæðinu og var það bæði skemmtilegt og gagnlegt. Svo tók við námskeið í nótnalestri þar sem Hjörtur Steinbergsson leiðbeindi síður nótnalæsum kórfélögum og kom það sér mjög vel og tókst með ágætum. Síðan hefur áhersla verið lögð á æfingar á því efni sem kórinn mun flytja á hefðbundnum jólatónleikum sem verða þann 20. desember n.k. Að þessu sinni fáum til okkar við góða gesti; Karla Akureyrar-Geysir og sérstakan gestasöngvara: Magna Ásgeirsson. Ný og spennandi verkefni taka svo við eftir áramót.

Kórinn vantar til liðs við sig söngelska karla, bæði tenóra og bassa, og biðjum við áhugasama að hafa samband við stjórnanda kórsins, Valmar Völajots í síma 849-2949 eða í netpósti. Netfangið er: [valmar@glerarkirkja.is](mailto:valmar@glerarkirkja.is)

Við óskum svo öllum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.

# Helgihald í Gleráarkirkju á adventu og jólum



## 2. sunnudagur í adventu: 6. desember

### ★ K1. 11:00 Barnasamvera og messa.

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja.  
Organisti: Valmar Völjaots

### ★ K1. 20:30 Aðventukvöld.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Arnaldur Bárðarson leiða. Ræðukona kvöldsins er prófessor Kristín Aðalsteinsdóttir. Fram koma: Kór Gleráarkirkju undir stjórn Valmars Völjaots, Barnakór Gleráarkirkju undir stjórn Hjördísar Evu Ólafsdóttur og Krossbandið, þau Snorri, Ragnheiður og Stefán.

## Fimmtudagur, 10. desember

### ★ K1. 15:00 Aðventusamvera eldri borgara.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson leiðir. Opnun myndasýningar um kirkjur og altarisjúka.

## 3. sunnudagur í adventu, 13. desember

### ★ K1. 11:00 Messa og barnastarf.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

### ★ K1. 20:30 Kvöldguðsþjónusta.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Krossbandið, þau Snorri, Ragnheiður og Stefán sjá um tónlistina.

## 4. sunnudagur í adventu, 20. desember

### ★ K1. 11:00 Messa og barnastarf.

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

### ★ K1. 17:00 Tónleikar Kórs Gleráarkirkju.

Gestakór: Karlakór Akureyrar-Geysir. Sérstakur gestasöngvari: Magni Ásgeirsson.

## Aðfangadagur jóla, 24. desember

### ★ K1. 18:00 Aftansöngur jóla.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju syngur.  
Organisti: Valmar Völjaots.

### ★ K1. 23:30 Miðnæturmessa.

Sr. Arnaldur Bárðarson og Pétur Björgvin djákni þjóna. Félagar úr Kór Gleráarkirkju leiða almennan söng. Organisti: Valmar Völjaots.

## Jóladagur, 25. desember

### ★ K1. 14:00 Hátiðarguðsþjónusta.

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Kór Gleráarkirkju syngur. Organisti: Valmar Völjaots.

## Amar jóladagur, 26. desember

### ★ K1. 13:00 Fjölskylduguðsþjónusta.

Sr. Arnaldur Bárðarson kvaddur. Sr. Arnaldur Bárðarson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Athöfnin er sú síðasta sem sr. Arnaldur þjónar við í Gleráarkirkju að sinni en hann hefur fengið lausn frá störfum til að gegna embætti sóknarprests í Noregi. Æskulýðskór Gleráarkirkju, Drengjakór Gleráarkirkju og Barnakór Gleráarkirkju koma fram ásamt stjórnendum sínum, þeim Valmari Völjaots og Hjördísi Evu Ólafsdóttur. Organisti er Valmar Völjaots.

## Sunnudagur, 27. desember

### ★ K1. 20:30 Kvöldguðsþjónusta

með Krossbandinu, þeim Snorra, Rögggu og Stebba.  
Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

## Gamlársdagur, 31. desember

### ★ K1. 18:00 Aftansöngur kl. 18:00.

Sr. Guðmundur Guðmundsson þjónar.  
Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja. Organisti: Valmar Völjaots.

## Nýársdagur, 1. janúar

### ★ K1. 14:00 Hátiðarmessa.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.  
Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja. Organisti: Valmar Völjaots.

## Sunnudagur, 3. janúar

### ★ K1. 11:00 Messa.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.  
Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja. Organisti: Valmar Völjaots.  
Að messu lokinni er boðið upp á léttar veitingar í safnaðarsal.

**ATH: Hádegissamverur eru alla miðvikudaga kl. 12:00 til 13:00.**

## Gleráarkirkja

### Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: Í kirkju 464 8808, heima 462 7676 og GSM 864 8455. Netfang: [gunnlaugur@glerarkirkja.is](mailto:gunnlaugur@glerarkirkja.is)

### Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni mánudaga til fimmtudaga kl. 13:00-14:00 og eftir samkomulagi. Símar: Í kirkju 464 8802, heima 462 6605 og GSM 864 8456. Netfang: [arnaldur@glerarkirkja.is](mailto:arnaldur@glerarkirkja.is)

### Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: Í kirkju 464 8807 og GSM 864 8451. Netfang: [petur@glerarkirkja.is](mailto:petur@glerarkirkja.is)

## Starfsfólk Gleráarkirkju

Umsjónarmaður er **Sverrir Pálmason**. Hann er við daglega kl. 11:00-16:00. Símar: Í kirkju 464 8803, heima 462 2491 og GSM 864 8453. Netfang: [sverrir@glerarkirkja.is](mailto:sverrir@glerarkirkja.is)

Organisti er **Valmar Völjaots**. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: Í kirkju 464 8804 og GSM 849 2949. Netfang: [valmar@glerarkirkja.is](mailto:valmar@glerarkirkja.is)

Kirkjuverðir eru **Sigríður Albertsdóttir** GSM 847 9025 og **Jón Oddgeir Guðmundsson** GSM 894 4301.

Umsjón með eldhúsi hefur **Sigurrós Anna Gísladóttir** GSM 848 6440

Upplýsingar um annað starfsfólk kirkjunnar er að finna á [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is)

Gleráarkirkja: Sími 464 8800 • [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is) • Fax: 464 8809 • [glerarkirkja@glerarkirkja.is](mailto:glerarkirkja@glerarkirkja.is)



Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: -ghs • Prentun: Ásprent